



Ársskýrsla 2014



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Skýrsla forstjóra	3
Fulltrúar deilda	4
Stjórn Auðhumlu	5
Verðlaunahafar	6
Mjólkursamsalan ehf.	7
Tölulegar upplýsingar	8
Ársreikningur samstæðu 2014	11
Áritun óháðra endurskoðenda	13
Skýrsla stjórnar	14
Rekstrarreikningur ársins 2014	15
Efnahagsreikningur	16
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014	18
Skýringar	19



Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar
Ljósmyndir: Kristjana Jónsdóttir, Þorsteinn Jónsson
Ljósmynd af stjórnarformanni: Ragnheiður Arngrímsdóttir
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MS: Ragnheiður Arngrímsdóttir
Ljósmyndir af verðlaunahöfum: Guðmundur Geir Gunnarsson, Kristín Halldórsdóttir
Prentun: Prentmet

Ávarp stjórnarformanns

Egill Sigurðsson



Nýir tímar

Árið 2014 varð 409 milljóna króna hagnaður af starfsemi Auðhumla svf. En árið 2013 var hagnaður að fjárhæð 283 milljónir króna. Þennan afkomubata má fyrst og fremst rekja til starfsemi Mjólkursamsölnunar á erlendum markaði. Þar hafa tekjur aukist af sérleyfasölu til annarra fyrirtækja og af sölu á skyri sem félagið lætur framleiða innan Evrópusambandsins til sölu þar. Afkoma Mjólkursamsölnunar af starfsemi innanlands versnaði á árinu vegna þess kostnaðar sem félagið hefur axlað við að tryggja nægilegt hráefni til að þjóna hratt vaxandi eftirspurn eftir fituríkum mjólkurvörum á markaði. Þessi aukna eftirspurn er fordæmalaus og á fimm ára tímabili frá 2010 – 2015 er gert ráð fyrir að hún nemi ársframleiðslu 155 meðalkúbúá. Ójafnvægi hefur myndast í sölu á fitu og próteini, sem er félaginu dýrt og skapar því nýtt viðfangsefni á útflutningsmarkaði, en hagræðing í rekstri undanfarin ár og vaxandi arðbær starfsemi erlendis skapa viðspyrnu.

Ákveðið hefur verið að greiða kúabændum fullt afurðastöðvaverð fyrir alla mjólk út árið 2016, þ.e.a.s. út gildistíma núgildandi búvörusamninga. Þá hefur verið greitt fullt afurðastöðvaverð fyrir alla mjólk í 4 ár og framleiðslutakmarkanir greiðslumarkskerfisins í raun teknar úr sambandi þennan tíma. Markmið með þessu er að hvetja bændur til aukinnar framleiðslu. Þegar rýnt er í áhrif þess kemur í ljós að stærsti þriðjungur kúabúa hefur skilað tveimur þriðju af framleiðsluaukningunni frá 2012 – 2014. Þessi bú framleiddu að meðaltali um 13% umfram eigið greiðslumark árið 2014. Framleiðslugeta þeirra og vilji kom í veg fyrir að grípa þyrfti til umtalsverðs innflutnings á smjöri.

Árið 2010 nam sala mjólkur á fitugrunni á innanlandsmarkaði liðlega 110 milljónum lítra. Árið 2014 var salan um 130 milljónir lítra. Árið 2015 er greiðslumark 140 milljónir lítra sem tók mið af sölnunni eins og hún hafði þróast 2014 og þeirri þörf fyrir aukningu birgða sem talin var nauðsynleg. Ef tekið er mið af spám Hagstofunnar um fjólfjölgun og spám Samtaka ferðaþjónustunnar um fjölgun ferðamanna má ætla að árið 2020 verði þörf fyrir mjólk á innanlandsmarkaði nálægt 150 milljónum lítra. Þá er ekki gert ráð fyrir að neysla á mann haldi áfram að aukast eins og verið hefur. Þetta skapar Mjólkursamsölnunni mjög ógrandi viðfangsefni við sölu á próteini. Félagið flytur nú út með ágætri afkomu um 3,5 milljónir próteinlítra í formi skyr. Markmiðið er að þrefalda þessa sölu á næstu 5 árum.

Í lok mars 2015 verður eitt og hálf ár liðið frá því síðast orðu verðbreytingar á mjólkurvörum hér innanlands og frá því verð til bændna breyttist síðast. Skipunartími verðlagsnefndar rann út í lok júní 2014 og síðan hefur ekki verið skipað í nefndina. Mjólkuriðnaðurinn og

bændur hafa því tekið á sig allar hækkanir sem orðið hafa í samfélaginu frá því síðast var verðlagt í byrjun október 2013. Þetta er vitaskuld ekki unnt að búa við nema í takmarkaðan tíma, einkum þegar mjólkuriðnaðurinn er einnig að fást við aukinn kostnað vegna birgðastýringar þar sem eftirspurn eftir próteini og fitu vex með jafn misjöfnum hætti og raun ber vitni.

Mjólkuriðnaðurinn hefur þegar hafist handa um að mæta þessum miklu sveiflum sem orðið hafa á innanlandsmarkaði. Vegna umframeftirspurnar fituríkari afurða hefur félagið leitast við að byggja upp útflutningsmarkaði fyrir skyr sem skilar betri tekjum en undanrennuduft. Vegna tollmúra Evrópusambandsins eru útflutningsmöguleikar þangað takmarkaðir við 380 tonn á ári. Auk útflutnings til Bandaríkjanna flytur Mjólkursamsalan nú skyr nú einnig á markað í Færeyjum og Sviss. Samningar Íslands og Sviss um viðskipti með landbúnaðarafurðir taka mið af mismunandi stærð markaða í löndunum. Þar sem markaðir eru lokaðir vegna tolla hefur Mjólkursamsalan á undanförunum árum byggt upp viðskipti með skyr unnu úr mjólk sem framleidd er innan þessara tollmúra. Það hefur skilað félaginu umtalsverðum hagnaði síðustu misseri og stutt við reksturinn hér heima. Það hefur skipt miklu við þær aðstæður sem nú eru í greininni þar sem mjólkuriðnaðurinn tekur á sig kostnað við að tryggja markaðnum hráefni á sama tíma og heildsöluverð afurða á markaði hér hefur í raun verið fryst í eitt og hálf ár.

Söluaukning síðustu þriggja ára hefur fært íslenskum kúabændum ný tækifæri. Þess sjást nú víða merki í íslenskum kúabúskap. En margt í rekstrarmhverfi greinarinnar er nú einnig meiri óvissu háð en oft áður. Núverandi búvörusamningur rennur út eftir liðlega eitt og hálf ár og undirbúningur að nýjum samningi er þegar hafinn. Það skiptir miklu að því verki ljúki tímanlega þannig að kúabændur hafi meiri vissu um framtíðarrekstrarmhverfi sitt. Fram undan eru mjög miklar fjárfestingar í greininni vegna endurnýjunar og aukinna krafna um aðbúnað. Veltuhraði fjármagns er hægari en í öðrum atvinnugreinum og því er festa í rekstrarmhverfinu mikilvæg. Kúabændur hafa markað þá stefnu að áfram verði greitt eitt verð fyrir alla mjólk. Því má gera ráð fyrir að sveiflur á verði erlendis leiði til þess að skilaverð hér heima geti í framtíðinni ýmist hækkað eða lækkað. Það verður þá hlutverk afurðafyrirtækis bænda að treysta markaðsstöðu í útflutningi fyrir vörur á borð við skyr til að draga úr þessum verðsveiflum.

Árið 2014 lauk frágangi vinnslulína í stærstu vinnslustöðvum félagsins eftir mestu endurnýjun sem átt hefur sér stað í íslenskum mjólkuriðnaði um áratugaskeið. Félagið mun á næstu misserum vinna úr þeim

hagræðingarkostum sem skapast af þessum fjárfestingum og þeirri endurskipulagningu framleiðsluferfa sem þeim fylgja. Útreikningar á hagræðingu undanfarinna ára benda til þess að frá samþykkt núgildandi búvörulaga 2004 hafi hagræðing í mjólkuriðnaði numið um þremur milljörðum króna á ársgrunni og verið skilað til neytenda og bændna í gegnum verðlagskerfið.

Á síðasta ársfjórðungi 2014 gekk úrskurður Samkeppniseftirlitsins í máli sem varðaði sölu Mjólkursamsölnunar á mjólk til vinnslu hjá öðrum fyrirtækjum. Fyrirtækið var sakað um að hafa mismunað viðskiptavinum, annars vegar fyrirtækjum í framleiðslusamstarfi við Mjólkursamsölnuna, sem fengu afmarkað magn hráefnis til vinnslu á tilteknum framlegðarlægri vörum, og hins vegar til fyrirtækis utan framleiðslusamstarfsins sem gat keypt ótakmarkað magn mjólkur án skilmála um vinnsluvörur. Mjólkursamsölnunni var gert að greiða 370 milljóna króna sekt vegna þessa. Sá úrskurður var fellður úr gildi tveimur mánuðum síðar í meðferð áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Hins vegar lagði áfrýjunarnefnd fyrir Samkeppniseftirlitið að rýna betur viðskipti Mjólkursamsölnunar og Kaupfélags Skagfirðinga og dótturfélags þess. Sú rannsókn stendur nú yfir.

Í árslok 2014 var eigið fé Auðhumla að teknu tilliti til minnihlutaeiganda í Mjólkursamsölnunni 7.065 milljónir króna og hækkaði um 277 milljónir króna milli ára. Ávöxtun stofnsjóðs var 6%, sem er í samræmi við innri ávöxtun í félaginu, eða sem nam 143 milljónum króna. Stofnsjóður er nú um 35% af eigið fé Auðhumla, lögbundin varasjóður 4% og óráðstafað eigið fé 61%.

Íslenskir kúabændur og starfsfólk í mjólkuriðnaði hafa á síðustu þremur árum unnið úr einstökum aðstæðum á markaði með stóraukinni framleiðslu og vinnslu á sama tíma og staðið hefur yfir gagnger endurnýjun og endurskipulagning allrar mjólkurvinnslu í landinu. Jafnframt hefur Mjólkursamsalan á þessum tíma byggt upp gríðarlega verðmætan markað erlendis fyrir útflutning á vörum og þjónustu. Þessir mikilvægu áfangar hafa rennt stoðum undir framtíðarstarfsemi í greininni.

Ég þakka íslenskum kúabændum og starfsfólki í mjólkuriðnaði fyrir traust samstarf og kraftmikla sókn á markaði hér heima og erlendis. Sérstaklega vil ég þakka Einari Sigurðssyni, fráfarandi forstjóra Auðhumla og Mjólkursamsölnunar, fyrir hans góðu störf fyrir fyrirtæki kúabændna á þessu uppbyggingar- og umbreytingaskeiði. Samstarfsfyrirtækjum í verslun og veitingastarfsemi þakka ég þeirra mikilvæga starf við að koma vörum bænda á markað. Neytendum þakka ég það mikla traust sem þeir sýna íslenskum kúabændum og framleiðslu þeirra.

Skýrsla forstjóra

Einar Sigurðsson



Ný tækifæri skapa ögrandi viðfangsefni

Heildarvelta Auðhumlu 2014 nam 24,5 milljörðum króna en var 21,9 milljarðar króna á árinu 2013. Mikilvægasta eining í starfsemi Auðhumlu er Mjólkursamsalan sem er 90% í eigu Auðhumlu. Markaðstekjur Mjólkursamsölnnar á innanlandsmarkaði hækkuðu um 6% milli ára vegna verðhækkunar sem varð á síðasta ársfjórðungi 2013 og vegna aukinnar sölu innanlands. Í heild hækkuðu markaðstekjur Mjólkursamsölnnar um 12% vegna þeirra auknu umsvifa sem félagið hefur á erlendum markaði.

Verðhækkunin, sem verðlagsnefnd búvöru ákvað 3,1% í árslok 2013, er eina verðbreytingin á heildsöluverði mjólkurafurða og á mjólkurverði greiðslumarksmjólkur til kúabænda í 33 mánuði og verð hefur ekki breyst í eitt og hálf ár. Auk þessarar verðhækkunar 2013 ákvað Mjólkursamsalan að greiða bændum fullt afurðastöðvaverð fyrir alla mjólk umfram greiðslumark til að tryggja nægt hráefni fyrir markaðinn innanlands. Verðhækkunin í árslok 2013 og ákvörðun um að greiða fullt verð fyrir alla mjólk juku kostnað við mjólkurkaup um 10% árið 2014. Hlutdeild bænda í tekjum félagsins af innanlandsmarkaði hefur því aukist.

Hagnaður varð af starfsemi Auðhumlu árið 2014 um sem nemur 409 milljónum króna en árið 2013 varð hagnaður að fjárhæð 283 milljónir króna. Hlutdeild Auðhumlu í hagnaði Mjólkursamsölnnar varð 232 milljónir króna af 258 milljónum króna hagnaði fyrirtækisins eftir skatta. Heildarafkoma Mjólkursamsölnnar batnaði milli ára þrátt fyrir versnandi afkomu á innanlandsmarkaði. Viðskipti á erlendum markaði skipta þar sköpum, bæði leyfistekjur vegna skyrframleiðslu og verslun með skyr sem framleitt er innan tollmúra Evrópusambandsins. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnskostnað af starfsemi Mjólkursamsölnnar var 1.147 milljónir króna. Hagnaður Mjólkursamsölnnar fyrir skatta varð 322 milljónir króna en var 208 milljónir árið 2013. Hagnaður í samstæðureikningi Auðhumlu fyrir afskriftir og fjármagnsliði varð 1.529 milljónir króna en var 1.112 milljónir króna árið áður. Hagnaður Auðhumlu fyrir skatta nam 542 milljónum króna en var 369 milljónir króna á fyrra ári. Hlutdeild meirihluta eiganda í afkomu Auðhumlusamstæðunnar var, sem fyrr segir, 409 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir svipaðri afkomu af rekstri Mjólkursamsölnnar og Auðhumlu árið 2015 og var 2014. Það sem af er árinu gengur reksturinn eftir áætlunum. Nokkur óvissa er um framhaldið vegna boðaðra verkfalla í apríl og maí 2015.

Árið 2014 voru heildarfrjáfestingar Auðhumlu og Mjólkursamsölnnar 1.083 milljónir króna. Eignir á efnahagsreikningi nema nú um 14,5 milljörðum króna. Vaxtaberandi skuldir eru 4.647 milljónir króna og hækkuðu um 558 milljónir króna á árinu 2014. Fjármunamyndun í starfseminni hefur styrkst með hagræðingar- aðgerðum undanfarinna ára og félagið gerir ráð fyrir að halda aftur áfram að greiða niður skuldir árið 2015.

Veltufé frá rekstri hefur aukist um liðlega 306 milljónir króna á árinu og handbært fé í árslok hefur sömuleiðis aukist og er nú 713 milljónir króna.

Á árinu 2014 hélt áfram sú þróun sem verið hefur í rekstrinum um langt árabíl, aukin sala á birgðavörum og örlítill samdráttur í sölu á ferskvörum. Seld voru 8.858 tonn af birgðavörum þar sem ostar skipta meginmáli og 48,2 milljónir lítra af ferskvörum þar sem drykkjarmjólk vegur þyngst. Þessi söluþróun knýr fyrirtæki í mjólkuriðnaði til áframhaldandi hagræðingar þar sem framlegð af birgðavörum er almennt lægri en af ferskvörum. Þegar rýnt er í söluþróun á árinu kemur í ljós að vöxtur í heildarsölu er töluvert hraðari á svokölluðum fyrirtækjarmarkaði, þar sem meðal annars eru fyrirtæki í ferðaþjónustu, heldur en á verslanamarkaði sem þjóna almennum neytendum. Þetta endurspeglar áhrif vaxtar í ferðaþjónustu sem verið hefur óvenjuhraður undanfarin tvö ár. Í framtíðaráætlunum Mjólkursamsölnnar er gert ráð fyrir vexti markaðar í samræmi við spár Hagstofunnar og Samtaka ferðaþjónustunnar.

Sú mikla aukning, sem orðið hefur í sölu fituríkra afurða umfram próteinafurðir á innanlandsmarkaði, hefur gert að verkum að próteinframleiðslu umfram innanlandsþarfir þarf að flytja út. Beinast hefur legið við að framleiða undanrennuðuft og selja á hrávörumarkaði. Þar er ekki á vísan að róa með verð og verðsveiflur geta orðið gríðarmiklar á skömmum tíma. Mjólkursamsalan, dótturfélag Auðhumlu, kappkostar því að leita markaða fyrir skyr sem skila meiri tekjum fyrir próteinframleiðsluna en undanrennuðuft.

Í erlendum markaðslöndum þar sem skyrútflutningur er óhagkvæmur vegna tollvarna hefur Mjólkursamsalan ýmist selt leyfi og sérþekkingu til framleiðslu á skryi eða selt skyr sem framleitt er af undirverktökum á viðkomandi markaði. Sala hefur aukist hraðast á markaði í Finnlandi þar sem seld voru um 3.000 tonn af skryi undir merkjum Mjólkursamsölnnar 2014. Gert er ráð fyrir að salan þar verði milli fimm og sex þúsund tonn árið 2015. Það mun styrkja mjög afkomuna. Árið 2014 hófst á markaði í Sviss sala á skryi sem framleitt er á Selfossi. Salan byrjar í samræmi við áætlanir á fyrstu

mánuðum og árið 2015 fjölgar sölustöðum úr liðlega 100 í um 250. Á markaði í Noregi, Svíþjóð og Danmörku er selt skyr framleitt af fyrirtækjum sem gert hafa samninga um leyfisgreiðslur til Mjólkursamsölnnar. Salan í Noregi og Danmörku gekk mjög vel á árinu 2014. Velgengni Mjólkursamsölnnar og samstarfsfyrirtækja með skyr á alþjóðamarkaði á undanförunum misserum hefur vakið athygli og þegar er vart samkeppni. Eitt stærsta mjólkurvörfyrirtæki Evrópu býður skyr á tveimur erlendum mörkuðum og vísar til tenginga við íslenskan uppruna.

Á undanförunum árum hafa fyrirtæki í íslenskum mjólkuriðnaði endurnýjað allan helsta tækjabúnað í greininni og framleiðslan hefur verið endurskipulögð til að fást við kröfur markaðarins um mikið vöruúrval og hagstætt verð. Íslenskir bændur njóta tollverndar fyrir framleiðslu sína líkt og bændur í flestum löndum í kringum okkur. Fyrirtæki þeirra taka fyrir vikið á sig ýmsar skyldur, t.d. að tryggja á hverjum tíma nægilegt hráefni og mikið úrval framleiðsluafurða og sæta opinberri verðlagningu allra helstu afurða. Eins og að framan sagði hefur einungis orðið ein 3,1% breyting á heildsöluverði mjólkurafurða í hérumbil þrjú ár. Það skiptir miklu máli fyrir framtíðarstöðugleika í greininni að verðlagskerfi í greininni verði virkt að nýju. Fyrirtækin geta ekki til lengdar mætt kostnaði af því að tryggja markaðnum nægilegt hráefni til vinnslu og taka jafnframt á sig áhrif innlendra verðbólgu með tekjum sem sóttar eru á óstöðugan erlendan samkeppnismarkað.

Ég kom fyrst að rekstri Mjólkursamsölnnar fyrir 6 árum, vorið 2009, og tók síðan við stjórn Auðhumlu 2010. Árið 2009 var samdráttur í mjólkuneyslu á Íslandi í kjölfar bankahrunsins og taprekstur í mjólkuriðnaði. Frá og með árinu 2010 tók innanlandsmarkaðurinn við sér á ný og síðustu þrjú árin hefur vöxtur í sölu fituríkra afurða verið dæmalaus. Á sama tíma hefur verið byggður upp arðbær markaður erlendis fyrir skyr sem styrkir afkomuna verulega. Loks hefur á þessum tíma lokið umfangsmestu endurnýjun í greininni um áratugaskeið. Þessi 6 ár hafa því verið mikið umbrot- og uppbyggingarskeið í íslenskum mjólkuriðnaði. Það hafa verið forréttindi að vinna með stjórn sem hefur mótað skýra stefnu, stjórnendahópi sem hefur viljað ná árangri í þágu bænda og neytenda og starfsfólki sem hefur haft metnað og vilja til að skila gæðavöru á markað. Ég þakka þessu fólkii öllu þann stuðning sem það hefur veitt mér í starfi á þessum 6 árum. Ég þakka íslenskum kúabændum fyrir einstaklega gott samstarf á liðnum árum og neytendum sem treysta og njóta framleiðslu úr íslenskrum sveit.

Fulltrúar deilda Auðhumla

á aðalfundi 17. apríl 2015

Austurlandsdeild

Aðalfulltr.: Gunnar Jónsson Egilsstöðum
Halldór Sigurðsson Hjartarstöðum 1
Jón Steinar Elísson Hallfreðarstöðum 2

Varafultr.: Björgvin R. Gunnarsson Núpi
Jóhann Gíslí Jóhannsson Breiðavaði

Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Sæmundur Jón Jónsson Árbæ

Varafultr.: Eiríkur Egilsson Seljavöllum

Vestur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Kjartan Magnússon Fagurhlíð
Sigurjón Eyjólfsson Pétursey I
Jóhannes Gissurarson Herjólfsstöðum

Varafultr.: Elín Heiða Valsdóttir Úthlíð
Bjarni Bjarnason Hraunkoti
Arnfríður Jóhannesdóttir Herjólfsstöðum

Eyjafjalladeild

Aðalfulltr.: Ármann Fannar Magnússon Hrutafelli
Sigurjón Sigurðsson Efstu-Grund

Varafultr.: Ragnar Lárusson Stóradal
Eyvindur Ágústsson Stóru-Mörk

Landeyjadeild

Aðalfulltr.: Guðbjörg Albertsdóttir Skíðbakka 1
Sævar Einarsson Stíflu
Rafn Bergsson Hólmahjáleigu

Varafultr.: Silja Ágústsdóttir Hólmum
Elvar Eyvindsson Skíðbakka

Fljótshlíðar-, Hvals- og Rangárvalladeild

Aðalfulltr.: Birkir Arnar Tómasson Móeiðarhvoli
Bjarni Jónsson Selalæk

Varafultr.: Ólafur Þorri Gunnarsson Bollakoti
Páll Eggertsson Kirkjulæk

Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild

Aðalfulltr.: Hannes Ólafsson Austvaðsholti
Daníel Magnússon Akbraut

Varafultr.: Ágúst Sæmundsson Bjólu
Kristinn Guðnason Þverlæk

Uppsveitadeild

Aðalfulltr.: Páll Jóhannsson Núpstúni
Sveinn Ingvarsson Reykjalíð
Samúel U. Eyjólfsson Bryðjuholti
Ásmundur Lárusson Norðurgarði
Óttar Bragi Þráinsson Miklholti
Sigríður Jónsdóttir Fossi

Varafultr.: Haukur Haraldsson Stóru-Mástungu
Esther Guðjónsdóttir Sólheimum
Eiríkur Jónsson Gýgjarhólskoti
Jórunn Svavarsdóttir Drumboddsstöðum
Birna Þorsteinsdóttir Reykjum
Gunnar Eiríksson Túnsbergi

Flóa- og Ölfusdeild

Aðalfulltr.: María Hauksdóttir Geirakoti
Pétur Guðmundsson Hvammi
Valdimar Guðjónsson Gaulverjabæ
Skeggi Gunnarsson Skeggjastöðum

Varafultr.: Stefán Geirsson Gerðum
Hrafnhildur Baldursdóttir Litla-Ármóti
Ágúst Ingi Ketilsson Brúnastöðum

Hvalfjarðardeild

Aðalfulltr.: Haraldur Magnússon Belgsholti
Jóhanna Hreinsdóttir Káraneskoti

Varafultr.: Lilja Guðrún Eyþórsdóttir Vestra-Reyni
Finnur Pétursson Káranesi

Borgarfjarðardeild

Aðalfulltr.: Jón Gíslason Lundi 1
Birna Hauksdóttir Skáni

Varafultr.: Lárus Pétursson Hvanneyri
Kristín Gunnarsdóttir Lundi

Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild

Aðalfulltr.: Pétur Diðriksson Helgavatni
Laufey Bjarnadóttir Stakkhamri
Jón Svavar Þórðarson Ólkeldu III
Guðrún Sigurjónsdóttir Glitstöðum

Varafultr.: Sigurjón Helgason Mel
Guðbjartur Gunnarsson Hjarðarfelli
Vilhjálmur Diðriksson Helgavatni
Gunnar Guðbjartsson Hjarðarfelli

Breiðafjarðardeild

Aðalfulltr.: Þorgrímur Guðbjartsson Erpsstöðum
Sigmundur H. Sigmundsson Látrum
Gústaf Jökull Ólafsson Miðjanesi

Varafultr.: Erla Reynisdóttir Mýrartungu
Björn Birkiðson Botni

Stjórn Auðhumlu



Starfssvæði Auðhumlu



■ Starfssvæðið

Formaður

Egill Sigurðsson, Berustöðum

Varaformaður

Jóhannes Ævar Jónsson, Espihóli

Ritari

Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum

Meðstjórnendur

Arnar B. Eiríksson, Gunnbjarnarholti
Elín M. Stefánsdóttir, Fellshlíð
Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskoti
Jóhannes Torfason, Torfalæk II

Varamenn

Laufey Bjarnadóttir, Stakkhamri
Laufey Skúladóttir, Stóru-Tjörnum
Pétur Diðriksson, Helgavatni

Skoðunarmenn

Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti I
Hannes Ólafsson, Austvaðsholti

Varaskoðunarmenn

Geir Árdal, Dæli
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum

Forstjóri

Einar Sigurðsson

Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Valgerður Kristjánsdóttir
Guðrún Eik Skúladóttir

Varafulltr.: Gísli G. Magnússon
Guðný H. Björnsdóttir

Mýrum III
Tannstaðabakka

Staðarbakka
Bessastöðum

Aðalsteinn Hallgrímsson
Elín M. Stefánsdóttir
Sigurgeir Pálsson
Trausti Þórisson
Erlingur Teitsson
Sif Jónsdóttir
Stefán Magnússon
Geir Árdal
Gunnhildur Gylfadóttir

Garði
Fellshlíð
Sigtúnur
Hofsá
Brún
Laxamýri
Fagraskógi
Dæli
Steindyrum

Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Jóhannes Torfason
Jón Gíslason
Sigurður Magnússon

Varafulltr.: Gróa Lárusdóttir
Linda B. Ævarsdóttir
Brynjólfur Friðriksson

Torfalæk II
Stóra-Búrfelli
Hnjúki

Brúsastöðum
Steinnýjarstöðum
Brandsstöðum

Varafulltr.: Gunnsteinn Þorgilsson
Helga Hallgrímsdóttir
Þórólfur Óskarsson
Sigurður B. Gíslason
Tryggvi Jóhannsson

Sökku
Hvammi 2
Grænuhlíð
Steinsstöðum 2
Hvassafelli

Norðausturdeild

Aðalfulltr.: Sveinbjörn Sigurðsson
Laufey Skúladóttir
Hávar Sigtryggsson
Hermann Ingi Gunnarsson

Búvöllum
Stóru-Tjörnum
Hriflu
Klauf

Alls 55 fulltrúar

Verðlaunahafar 2014



Verðlaunahafar í Rangárvallasýslu ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Flóa- og Ölfusdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Uppsveitadeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Norðausturdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Akureyri.



Verðlaunahafar í Húnaþingsdeildum ásamt mjólkurbússtjóra MS Akureyri.



Verðlaunahafar á Vesturlandi ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.

Innl. númer	Nafn	Heimili	Deild
10237	Steinþór Björnsson	Hvannabrekku	Austurlandsdeild
20132	Bragi Birgisson	Efri-Gegnishólum	Flóa- og Ölfusdeild
20225	Hellisbúið ehf.	Kolsholtshelli	Flóa- og Ölfusdeild
20303	Ágúst Ingi Ketilsson	Brúnastöðum	Flóa- og Ölfusdeild
20313	Gísli Hauksson	Stóru-Reykjum	Flóa- og Ölfusdeild
20321	Ragnar F. Sigurðsson/Hrafnhildur Baldursd.	Litla-Ármóti	Flóa- og Ölfusdeild
20511	Ólafur Ingi og Anna	Eyði-Sandvík	Flóa- og Ölfusdeild
20608	Samúel og Þórunn	Bryðjuholti	Uppsveitadeild
20618	Gunnar Kr. Eiríksson	Túnsbergi 1	Uppsveitadeild
20628	Jóhann og Ester	Sólheimum	Uppsveitadeild
20674	Grænagerði ehf.	Miðfelli V	Uppsveitadeild
20703	Birna Þorsteinsdóttir/Rúnar Bjarnason	Reykjum	Uppsveitadeild
20705	Félagsbúið	Efri-Brúnavöllum	Uppsveitadeild
20727	Arakoti ehf.	Arakoti	Uppsveitadeild
22202	Páll Árnason/Kirsten Anita J.	Haga	Uppsveitadeild
22207	Haukur Haraldsson	Stóru-Mástungu	Uppsveitadeild
20931	Stúfholt ehf.	Stúfholti	Holta-, Landm.-, Ása- og Djúpardeild
22033	Axel og Silja	Hólum	Landeyjadeild
22116	Sigríður Valdimarsdóttir	Álfhólum	Landeyjadeild
22152	Sævar Einarsson/Jóhanna E Gunnarsdóttir	Stíflu	Landeyjadeild
22612	Sigurjón Eyjólfsson	Pétursey	Vastur-Skaftafellsdeild
22753	Gunnar Valgeirsson	Norður-Fossi	Vestur-Skaftafellsdeild
30018	Sigvaldi Jónsson	Hægindi	Borgarfjarðardeild
30332	Jónas S. Valdimarsson	Rauðanesi 1	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30459	Haukur og Hrefna	Hrauntúni	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30510	Laufey Bjarnad/Þróstur Aðalbjarnarsson	Stakkhamri	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
33204	Ásmundur Guðmundsson	Arkarlæk	Hvalfjarðardeild
46908	Margrét Guðbjartsdóttir	Miklagarði	Breiðafjarðardeild
49235	Félagsbúið Breiðalæk ehf.	Breiðalæk	Breiðafjarðardeild
52181	Brúsi ehf.	Brúsastöðum	Austur-Húnaþingsdeild
52550	Jens Jónsson	Brandaskarði	Austur-Húnaþingsdeild
58347	Loftur S. Guðjónsson	Ásbjarnarstöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
58511	Pétur Sigurvaldason	Neðri-Torfustöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
58613	Ásgeir Sverrisson	Broutarholti	Vestur-Húnaþingsdeild
60002	Heimavöllur ehf.	Hvammi	Norðausturdeild
60013	Kristín S. Hermannsdóttir	Merkigili	Norðausturdeild
60034	Þórir Niélsen og Sara María	Torfum	Norðausturdeild
60089	Félagsbúið Villingadal	Villingadal	Norðausturdeild
60093	Hlynur Þórssen	Akri	Norðausturdeild
60101	Hermann Ingi Gunnarsson	Klauf	Norðausturdeild
60106	Benjamín Baldursson	Ytri Tjörnum 2	Norðausturdeild
60159	Pétur Friðriksson	Gautsstöðum	Norðausturdeild
60216	Haraldur Jónsson	Dagverðareyri	Norðausturdeild
60327	Þorsteinn Rútsson	Þverá	Norðausturdeild
60490	Sveinn Kjartan Sverrisson	Melum	Norðausturdeild
60493	Guðrún Marinósdóttir	Búrfelli	Norðausturdeild
60518	Urðarbúið	Urðum	Norðausturdeild
60572	Þorleifur K. Karlsson	Hóli	Norðausturdeild
60613	Félagsbúið Böðvarnes	Böðvarnesi	Norðausturdeild
60615	Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
68034	Vogabú ehf.	Vogum	Norðausturdeild
68124	Glúmur Haraldsson	Hólum	Norðausturdeild
68234	Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Búvöllum	Norðausturdeild
68267	Ketill Indriðason	Ytra-Fjalli	Norðausturdeild
68303	Hulda Elín Skarphéðinsdóttir	Úlfsbæ	Norðausturdeild
68308	Arndísarstaðir ehf.	Arndísarstöðum	Norðausturdeild
68400	Ólafur Haraldsson	Fljótshakka	Norðausturdeild
68414	Félagsbúið Ljósavatni	Ljósavatni	Norðausturdeild
68422	Karen O. Hannesdóttir	Krossi	Norðausturdeild
68454	Floxi Gunnarsson	Hrafnstöðum	Norðausturdeild
68460	Marteinn Sigurðsson	Kvíabóli	Norðausturdeild
68470	Sigurborg Gunnlaugsdóttir	Engihlíð	Norðausturdeild
68596	Félagsbúið Laxamýri	Laxamýri	Norðausturdeild

Fjöldi: 63

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar: Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins 2014. Mörk fyrir 1. flokk A eru þau að beint meðaltal líftölu sé jafnt eða minna en 25 þús., faldmeðaltal mánaðarins á frumum sé undir 220 þús., að engar lyfjaleifar finnist í mánuðinum og faldmeðaltal frírra fitusýra sé jafnt eða minna en 1,1 mmol/l.

Mjólkursamsalan ehf. 2014



Stjórn Mjólkursamsölnnar ehf. skipuðu:

Egill Sigurðsson, formaður
Þórólfur Gíslason, varaformaður
Birna Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi
Elín Margrét Stefánsdóttir, meðstjórnandi
Jóhannes Ævar Jónsson, meðstjórnandi

Varamenn:

Arnar Bjarni Eiríksson
Jóhanna Hreinsdóttir
Jóhannes Torfason
María Ingibjörg Hauksdóttir
Rögnvaldur Ólafsson

Forstjóri:

Einar Sigurðsson

Endurskoðendur:

Deloitte
Benoný Torfi Eggertsson endurskoðandi
Jón Rafn Ragnarsson endurskoðandi

Stöðugleiki í rekstri

Sala á vörum MS var góð á árinu 2014. Félagið náði markmiðum sínum um tekjur og kostnað í sölu- og markaðsstarfi. Alls voru seld 8.969 tonn af birgðavörum og 48,8 milljón lítrar af ferskvörum. Að auki voru framleidd rúmlega 2.600 tonn af skyri í Danmörku á vegum Mjólkursamsölnnar og flutt til Finlands.

Afkoma Mjólkursamsölnnar er jákvæð fimmta árið í röð og stöðugleiki kominn í reksturinn eftir tap fyrstu rekstrarárin. Árið 2014 varð 322 milljóna króna hagnaður af rekstri Mjólkursamsölnnar ehf. fyrir skatta. Hagnaður fyrir skatta árið 2013 var 208 milljónir króna. Niðurstaða rekstrarreiknings 2014 var 258 milljóna króna hagnaður en var 167 milljónir árið áður. Meginástæðu betri afkomu má rekja til þátta sem varða ekki starfsemi á Íslandi. Hér er um að ræða leyfistekjur af erlendum mörkuðum og starfsemi í Danmörku þar sem MS kaupir skyr og selur til Finnlands. Eins og árið 2013 þá keypti MS allt hráefni fullu afurðastöðvaverði. Félagið er enn að innleysa árangur af hagræðingaraðgerðum undanfarinna missera og undirliggjandi er bati í rekstri sem skilar sér til framtíðar.

Heildareignir Mjólkursamsölnnar eru 9.973 milljónir króna í árslok og er eigið fé 4.043 milljónir króna. Það samsvarar 40,5% eiginfjárlutfalli. Eignfærðar fjárfestingar árið 2014 eru 1.077 milljónir króna.

Sala 2014


Flokkur	Selt magn	Innanlands	Útflutningur
Ferskvörur	48.840	48.161	679
Viðbit	2.146	2.146	0
Ostar	5.800	5.797	3
Duft	1.023	828	195

Stöðugildi árið 2014 voru 412 og fjölgaði um 2,2%. Þetta er tímabundin fjölgun vegna þeirra umfangsmiklu breytinga og endunýjunar sem stóð yfir nær allt árið. Gert er ráð fyrir að stöðugildum fækki þegar á næsta rekstrarári. Hagræðing undanfarinna ára, sameining fyrirtækja, tilflutningur framleiðslulína, fækkun starfsfólks, breyting á vinnutilhögun og flutningakerfi hafa skilað félaginu mikilli kostnaðarlækkun. Starfsemi fer fram á 6 starfsstöðum um land allt. Segja má að Mjólkursamsalan standi nú á tímamótum. Félagið hefur lokið vinnu við skipulagsbreytingar í framleiðslunni sem hafa skapað umtalsverð tækifæri til að lækka kostnað. Þegar þær aðgerðir hafa að fullu skilað sér inn í reksturinn verður ekki hægt að skapa þar viðbótarsvigrúm til hráefnisverðhækkana umfram markaðsverðhækkunar. Hagræðing undanfarinna ára hefur byggt á vinnu, þolinmæði, frumkvæði og þátttöku alls starfsfólks. Það verðskuldar miklar þakkir.


Tölulegar upplýsingar




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2014 umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2014 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2014 umreiknuð í lítra m.v. fitu



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2014 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Mjólkurinnlegg hjá Auðhumlu

Árið 2014	Árið 2013	Breyting 2014-2013	
		Lítrar	Hlutfall
9.831.474	9.507.128	324.346	3,41%
9.379.996	9.029.986	350.010	3,88%
10.548.339	9.792.636	755.703	7,72%
10.811.165	10.330.160	481.005	4,66%
11.343.342	10.503.540	839.802	8,00%
10.784.555	9.513.446	1.271.109	13,36%
10.312.637	9.620.526	692.111	7,19%
9.555.278	8.599.854	955.424	11,11%
9.533.690	7.871.342	1.662.348	21,12%
9.317.477	8.265.659	1.051.818	12,73%
8.873.521	8.373.759	499.762	5,97%
10.445.473	9.309.283	1.136.190	12,20%
120.736.947	110.717.319	10.019.628	9,05%

Heildarmjólkurinnlegg á landinu

Árið 2014	Árið 2013	Breyting 2014-2013	
		Lítrar	Hlutfall
10.870.204	10.555.122	315.082	2,99%
10.381.303	9.965.723	415.580	4,17%
11.638.223	10.798.790	839.433	7,77%
11.905.885	11.389.574	516.311	4,53%
12.493.801	11.629.053	864.748	7,44%
11.904.704	10.551.547	1.353.157	12,82%
11.387.179	10.727.886	659.293	6,15%
10.566.298	9.566.534	999.764	10,45%
10.584.681	8.793.561	1.791.120	20,37%
10.346.527	9.208.803	1.137.724	12,35%
9.844.728	9.329.409	515.319	5,52%
11.590.202	10.397.959	1.192.243	11,47%
133.513.735	122.913.961	10.599.774	8,62%

Tölulegar upplýsingar



Fjöldi innleggjenda í deildum 2014 og 2013

Nafn deildar	31/12 2014	31/12 2013	Mismunur
Austurlandsdeild	25	25	0
Austur-Skaftafellsdeild	10	11	-1
	35	36	
Skaftárdeild	25	26	-1
Mýrdalsdeild	10	11	-1
Eyjafjalladeild	21	21	0
Landeyjadeild	29	29	0
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	19	18	1
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	21	20	1
Uppsveitadeild	71	71	0
Flóa- og Ölfusdeild	39	40	-1
	235	236	
Hvalfjarðardeild	23	24	-1
Borgarfjarðardeild	19	20	-1
Snæfellsnes- og Mýradeild	44	41	3
	86	85	
Breiðafjarðardeild	33	39	-6
Vestur-Húnaþingsdeild	23	24	-1
Austur-Húnaþingsdeild	30	30	0
Norðausturdeild	155	155	0
	208	209	
Alls Auðhumla	597	605	-8

Fjöldi kúabúa miðað við greiðslumark í lok árs

	Fjöldi kúabænda		2014						2013					
			greiðslumark á kúabú í þús. lítrum						greiðslumark á kúabú í þús. lítrum					
	2014	2013	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú
MS Egilsstöðum	36	40	5	6	10	5	10	198.929	8	9	9	6	8	164.658
MS Selfossi	332	333	24	50	135	79	44	183.039	26	52	145	73	37	183.061
MS Búðardal	36	36	4	9	18	3	2	130.041	4	11	16	3	2	124.030
MS Akureyri	210	212	15	34	84	47	30	182.207	16	42	94	41	19	167.244
Auðhumla	614	621	48	99	247	134	86	180.537	54	114	264	123	66	166.865

Tölulegar upplýsingar



Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

Heiti deildar	Meðalfita	Meðalfita	Meðalprótein	Meðalprótein
	2014	2013	2014	2013
Austurlandsdeild	4,08	4,14	3,34	3,31
Astur-Skaftafellsdeild	4,11	4,17	3,27	3,30
Vestur-Skaftafellsdeild	4,02	4,07	3,30	3,33
Eyjafjalladeild	4,01	4,14	3,29	3,32
Landeyjæideild	4,01	4,12	3,29	3,32
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	4,02	4,13	3,30	3,31
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	4,07	4,13	3,34	3,36
Uppsveitadeild	4,04	4,10	3,28	3,30
Flóa- og Ölfusdeild	4,07	4,17	3,33	3,37
Hvalfjarðardeild	4,00	4,15	3,26	3,29
Borgarfjarðardeild	4,04	4,12	3,30	3,29
Snæfellsnes- og Mýradeild	4,06	4,15	3,25	3,30
Breiðafjarðardeild	4,09	4,16	3,26	3,29
Vestur-Húnaþingsdeild	4,03	4,10	3,28	3,31
Astur-Húnaþingsdeild	3,98	4,09	3,29	3,30
Norðausturdeild	4,04	4,15	3,33	3,32
Auðhumla	4,04	4,13	3,30	3,32

Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2014

Afurðastöðvar	Framleitt innan gr.marks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf	112.309.790	8.427.157	120.736.947
Mjólkursamlag KS	12.630.133	146.655	12.776.788
Samtals	124.939.923	8.573.812	133.513.735

Heimild: Bændasamtök Íslands og aðildarfélag SAM



Ársreikningur samstæðu 2014

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2014. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar á árinu 2014, efnahag hennar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 25. mars 2015

Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Jón Rafn Ragnarsson
endurskoðandi

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumlu svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykktu félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kjörnir skoðunarmenn

Hannes Ólafsson

Eiríkur Jónsson

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur samstæðu Auðhumlu svf. fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2014.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður ársins 435 milljónum króna. Eigið fé samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi er í árslok 7.469 milljónir króna en var í ársbyrjun 7.165 milljónir króna. Á árinu störfuðu að meðaltali 412 starfsmenn hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þess og námu heildarlaunagreiðslur 2.583 milljónum króna.

Inneign í stofnsjóði í árslok nemur kr. 2.500.734.544 og skiptist á milli 597 aðila en í upphafi árs á milli 605 aðila. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur kr. 39.676.226 og vextir af stofnsjóði eru kr. 142.536.331 (5,7%). Úr stofnsjóði eru greiddar kr. 200.590.570.

